



Borgarráð

***Viðræðuhópur um uppbyggingu hjúkrunarheimila í borginni***

Lagt er til að borgarráð staðfesti hjálögð erindisbréf viðræðuhóps um uppbyggingu hjúkrunarheimila í borginni, dags. 25. júlí 2023 og veiti hópnum þar með heimild til viðræðnanna.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf viðræðuhóps um uppbyggingu hjúkrunarheimila í borginni, dags. 25. júlí 2023

# ERINDISBRÉF

## Viðræðuhópur um uppbyggingu hjúkrunarheimila í borginni

### Ábyrgðaraðili:

Borgarstjóri

### Inngangur:

Í kjölfar fundar borgarstjóra og heilbrigðisráðherra þann 4. júlí sl. var skrifstofu öldrunar á Velferðarsviði falið að greina þörf fyrir hjúkrunarrými í borginni til næstu ára. Sú greining liggur nú fyrir. Þar kemur m.a. fram að þegar horft er til næstu 15 ára sé gert ráð fyrir að raunþörf fyrir uppbyggingu hjúkrunarrýma á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2038 nemi 717 rýmum. Samningur er í gildi um byggingu 140 rýma við Mosaveg í Grafarvogi og áform uppi um fjölgun rýma við hjúkrunarheimilið í Sóltúni, auk þess sem í gildi er viljayfirlýsing um staðsetningu hjúkrunarheimilis í Ártúnshöfða. Að frádregnum áætlunum um ný rými í Reykjavík og annars staðar er ómætt þörf á höfuðborgarsvæðinu a.m.k. 373 hjúkrunarrými. Hagkvæm rekstrarstærð fyrir hjúkrunarheimili er a.m.k.90 rými og þannig ástæða til að áætla 3-4 hjúkrunarheimili á höfuðborgarsvæðinu á næstu árum, til viðbótar við fyrirbyggjandi áætlanir.

### Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að undirbúa og hefja formlegar viðræður um útfærslu, staðsetningu og tímasetningu þeirra hjúkrunarrýma sem sameiginlegur vilji er til að reisa í Reykjavík til ársins 2038. Hópurinn mun móta markmið viðræðna og leiða þær til lykta í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið.

### Helstu verkefni:

Helstu verkefni hópsins eru að móta, meta og taka afstöðu til þeirra valkosta sem í boði eru varðandi hjúkrunarrými og staðsetningu þeirra í borginni, meðal annars með hliðsjón af sýndum áhuga á uppbyggingu Lífsgæðakjarna og ná niðurstöðu um framtíðarsýn, staðsetningar og tímasetningar í samningi við heilbrigðisráðuneytið.

### Starfshópin skipa:

Þorsteinn Gunnarsson, borgarritari

Óli Jón Hertervig, skrifstofustjóri eignaskrifstofu

Anna Sigrún Baldursdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu öldrunar

### Starfsmaður starfshópsins:

### Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leitar ráðgjafar innan sem utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

**Starfstími:**

Áætlað er að hópurinn geti lokið störfum fyrir 1. nóvember 2023.

Reykjavík, 25. júlí 2023

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri